| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Katrín Harðardóttir, katrin@vma.is<br>Þröstur Ásmundsson, throstur@vma.is | **Sk.st.** | KAH<br>ÞRÁ |


**Áfangalýsing:** Þessi áfangi spannar það skeið í sögu Evrópu og Íslands sem kennt hefur verið við nútíma, frá frönsku byltingunni til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og eyðingar á 20. öld. Í áfanganum verða teknir til umfjöllunar nokkrir valdir efnisflokkar, t.d. hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld, tilraunir manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum á sviði hugsunar, menningar, stjórnmála og félagasamtaka.

**Markmið:** Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á því hvernig þessi viðleitni sem og ýmsar tækninýjungar hafa auðgað og bætt mannlífið en jafnframt skapað nýjan vanda, þ.á.m. heimsstyrjaldir 20. aldar en einnig velferðarríki nútímans. Lögð er áhersla á að þjálfa nemendur í heimildarýni af ýmsu tagi. Námsmat byggist á skriflegum prófum og verkefnum.

**Námsgögn:** Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta. Mál og menning. Reykjavík 2006

Ingunn Axelsdóttir og Þórunn Blöndal: Handbók um ritun og frágang. 7. útgáfa. Iðunn. Reykjavík 2002.

Sýnd verða myndbönd, einkum um sögu 20. aldar.
Ýmislegt annað ítarefni verður kynnt í tímum.

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 1 | Draumar um betra líf - Inngangur | |
| 2 | Napóleonsöldin, Stjórnvöld austan hafs og vestan, Stjórnmálastefnur: Íhald, frjálslyndi og lýðræði | |
| 3 | Þjóðernisstefna og áhrif hennar, Mannréttindaþróun | |
| 4 | Draumar um réttlátt samfélag, Framfarahyggja, trú og vísindi, Nýji heimurinn | |
| 5 | Vinna við heimildaritgerð | |
| 6 | Nýir hugmyndastraumar á Íslandi – Inngangur, Óvænt stjórnarbylting, Þjóðernishyggja, rómantík og lýðræðisstefna | |
| 7 | Jón Sigurðsson, Leitað að stöðu í þingbundnu konungsríki, Sjónarmið Dana, Leiðin til löggjafarvalds 1874 | Skila heimildaritgerð |
| 8 | Bændalýðræði, Atvinnufrelsisþróun, Leit að frelsi í Ameríku, Frelsisbarátta tilfinninganna | |
| 9 | Heimastjórn og þingræði, Kvenfrelsisþróun, Ísland verður konungsríki | Miðannarpróf |
| 10 | Tækninýjungar til góðs og ills – Inngangur, Í aðdraganda iðnbyltingar, iðnbyltingin, Þjóðfélagsleg áhrif iðnbyltingar | |
| 11 | Verkalýðshreyfingin og barátta hennar, Ísland: Hægfara þróun á 19. öld, Vélvæðing í sjávarútvegi, nývæðing lifnaðarhátta á Íslandi | |
| 12 | Kerfi fjögurra stjórnmálaflokka, Heimskreppan mikla, Kreppuárin á Íslandi. | |
| 13 | Átök á heimsvísu – Inngangur, Stórveldin og staða þeirra, Heimsvaldastefnan og uppskipting Afríku | |
| 14 | Páskafrí | |
| 15 | Heimsstyrjöldin fyrri 1914-1918, Áhrif styrjaldar á Íslandi, Sósíalismi í einu landi | |
| 16 | Fasisminn og nasisminn, Aðdragandi síðari heimsstyrjaldar, Heimsstyrjöldin síðari | |
| 17-18 | Heimsstyrjöldin á Íslandi, Lýðveldisstofnun, Upprifjun | |

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Skriflegt lokapróf | Skriflegt lokapróf. Nemandi þarf að ná 5 á lokaprófi til að standast áfangann. | 60% |
| Ritgerð | Heimildaritgerð. Nemendur þurfa að skila ritgerð á réttum tíma. Einkunn fyrir ritgerð lækkar (um 0,5 fyrir hvern virkan dag) ef skilað er of seint og ekki er tekið við henni þegar vika er liðin frá auglýstum skiladegi | 20% |
| Miðannarpróf | Skriflegt próf um miðja önn | 20% |

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**